

Ég býð mig fram í stjórn Sálfræðingafélags Íslands með von um að reynsla mín, áhugi og kraftur geti nýst sálfræðingafélaginu til góðs. Það er mikilvægt að í stjórninni sé fjölbreyttur hópur og lít ég á mig sem fulltrúa sjálfstætt starfandi sálfræðinga sem vinna með börnum af öllum kynjum sem og tengilið landsbyggðarinnar. Einnig hef ég reynslu að starfi sálfræðinga við skóla og vinnu með íþróttafólki og hópum. Ég hef setið í stjórn félags sálfræðinga við skóla og vona að kraftar mínir nýtist nú á nýju sviði hvort heldur sem er í kjaramálum eða áframhaldandi baráttu við að auka aðgengi almennings að sálfræðipjónustu.

Hugrún Vignisdóttir

